

Mættir: Karen Nótt Halldórsdóttir, formaður

Halla Ingólfsdóttir, ritari

Bjarni Reykjalín Magnússon

Fundur hófst kl. 17:30

- Girðingarmál. Það þarf að komast að því hver ber ábyrgð á því að girða hvaða hluta og eins hverjum ber að sinna og kosta viðgerðir. Óljóst virðist eins hvar landamerki liggja og á hvers ábyrgð almenningur er.
- Aðkoma fyrir farþega skemmtiferðaskipa. Með stórauðnum komum skemmtiferðaskipa finnum við fyrir því að aðgengi að bryggjunni fyrir léttabátana úr skipunum er ekki nægilega gott. Farþegar úr skipunum geta hæglega tvö- til sexfaldað íbúafjölda eyjunnar á meðan heimsókn stendur. Þeir koma núna að við smábátabryggjuna sem er smekkfull fyrir af bátum á sumrin. Okkar tillaga er að fundinn verði staður fyrir sérstaka flotbryggju fyrir skemmtibáta og léttabáta sem svo taka mætti á veturna.
- Sliskja á ferjubryggju. Þegar ráðist var í endurbætur á ferjubryggjunni fyrir allnokkrum árum var fjarlægð sliskja (sem auðveldar að koma smábátum á land) sem þar var. Sjósækjendum þykir vöntun á henni aftur þar sem ekki er hægt að koma öllum bátum í eyjunni á land, t.a.m. til viðgerða, með krananum á ferjunni. Þessir bátar sigla nú til Dalvíkur til þess að komast upp á þurrt með tilheyrandi olíukostnaði.
- Tjaldsvæði. Það þarf að bæta aðstöðu á tjaldsvæðinu. Nú er verið að gera plan fyrir hýsi og bíla fyrir framan og komið upp rafmagnstengi í stað framlengingarsnúrunnar inn í sundlaug, en vantar að slétta tún austan við sundlaugarhús og koma upp skjóli fyrir austanáttinni, hvort sem í formi veggjar eða hóla.
- Íbúar hafa oft á tilfinningunni að það taki óvenju langan tíma frá ákvörðun til framkvæmdar verkefna bæjarins í eyjunni að verða að veruleika. Oft og tíðum þekkja eyjaskeggjar verktaka sem eru til í að taka verk að sér ef skortur á þeim er vandamál.
- Húsnæði. Þar sem talsverður munur er á fjölda íbúa, og þörf á starfskröftum, á sumrum og veturnum ber á íbúðaskorti á sumrin, sér í lagi fyrir árstíðabundið starfsfólk sem í dag gistir í heimahúsum og hjólhúsum og miðað við vaxandi ferðaþjónustu verður það starfsfólk fleira í framtíðinni. Þau hús sem hér eru eru heimili Grímseyinga og þó svo ekki sé dvalið í þeim allan veturinn er búið í þeim á sumrin. Einnig hafa borist óformlegar fyrirspurnir frá fjölskyldufólki í óstaðbundinni vinnu varðandi leiguhúsnæði allt árið, sem er fátt af þar þar sem ekkert er til leigu án húsbúnaðar og ekkert allt árið.
- Grímseyingar óska eftir stuðningi frá Akureyrarbæ vegna ferjumála. Eins og víða hefur komið fram er ferjan Sæfari komin vel á tíma, hentar ekki lengur og kominn tími á að skipta henni út fyrir hentugra skip.
- Áætlunarflug á sumrin er allt of sjaldan. Það skýtur skökku við að það séu á áætlun þrjár flugferðir í viku á veturna en aðeins tvær á sumrin þegar ferðamenn eru margfalt fleiri. Eyjan er að fara á mis við fjölda ferðamanna vegna þessa og orðið hefur vart við að brottfluttur Grímseyingar og fjölskyldur sleppi því að koma því fullt er í þessi tvö flug í viku með löngum fyrirvara yfir háannatíma. Langt er síðan flestir heimamenn gáfust upp á að reyna að taka flug í land að sumri til.

Grímsey, 24. júní 2022

38. fundur hverfisráðs Grímseyjar og íbúafundur

- Samgöngur á milli Dalvíkur og Akureyrar eru ekki í neinu samræmi við ferjusiglingar. Strætó kemur til Dalvíkur 5 mínútum eftir að ferjan leggur af stað úr höfn og aldrei er hægt að komast með almenningssamgöngum til Akureyrar eftir að ferjan kemur að á Dalvík á kvöldin. Ferðamenn hafa sleppt því að koma til Grímseyjar vegna þessa og stundum hafa íbúar sjálfir staðið í að redda fólki fari eftir ferju. Okkar tillaga er að boðin verði út ferjurúta eða ferjuskutla sem gengur á milli á ferjutímum yfir sumarmánuðina.
- Það er mikil þörf á því að fegra hafnarsvæðið og bæta aðkomu, og þetta er eitthvað sem ferðamenn hafa oft orð á. Það fyrsta sem ber fyrir augu gesta með ferjunni er ruslasvæðið, en það er eingöngu klætt vírgirðingu sem ekkert felur. Ruslasvæði verða sennilega seint augnayndi neins staðar en það þarf að hylja það - og eins olíutankinn uppi á hól. Einnig þarf að koma upp leiðarvísium og skipulagi á milli gangandi ferðalanga úr ferjunni og vinnutækja sem afferma og ferma.

Fundi lauk kl. 19:00